

**BORGARRÁÐ 17. mars 2022: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við niðurstöðum starfsánægjukönnunar slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna - R21030227/MSS21120028**

Fulltrúi Flokks fólksins ítrekar fyrirspurnir um hvernig brugðist hafi verið við niðurstöðum starfsánægjukannanna hjá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu. Í kjölfarið af niðurstöðum starfsánægjukannanna sem komu afar illa út hjá Slökkviliðinu fékk fulltrúi Flokks fólksins fréttir af því að SHS (Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu) hafi farið í samstarf við Empower. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig hefur verið brugðist við þessum niðurstöðum? Í ljósi þess að niðurstöður sýndu alvarlega stöðu hjá fyrirtækinu er spurt hvort ekki sé rétt að gerð verði heildarúttekt á trausti starfsfólks til stjórnenda SHS ?